

# www.live.is

Viltu fá fróðleiksmola og nýjustu fréttirnar í tölvupósti?

Skráðu þig á póstlista LV á [www.live.is](http://www.live.is)

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar

Séreignarsparnaður

**Nýr sjóðfélagi**

Sjóðfélagalán

Ímyðunarátt / LV / Perntun: Píkel

## NÁNARI UPPLÝSINGAR

- » [www.live.is](http://www.live.is) – Upplýsingar um þjónustu og starfsemi sjóðsins.
- » **Sjóðfélagavefur** – Aðgengilegar upplýsingar um réttindi og stöðu lána. Hægt er að fá aðgangsorð sent í netbanka eða með pósti á lögheimili viðkomandi sjóðfélaga.
- » **Skrifstofa sjóðsins** – Starfsfólk þjónustuvers veitir sjóðfélögum upplýsingar um þjónustu sjóðsins.



Lífeyrissjóður verzlunarmanna er annar stærsti lífeyrissjóður landsins með um 32.000 greiðandi sjóðfélaga. Sjóðurinn var stofnaður árið 1956 og nema heildareignir sjóðsins um 310 milljörðum króna.

## Lífeyrissjóðurinn veitir víðtæka vernd og ævilangan lífeyri

Með aðild að Lífeyrissjóði verzlunarmanna ávinnur þú þér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok, auk víðtækrar tryggingaverndar yfir starfsævina.

Almennur lífeyrisaldur er við 67 ára aldur. Heimilt er að flýta lífeyristöku til 65 ára aldurs eða seinka til sjötugs.

Jafnframt veitir sjóðurinn sjóðfélögum mikilvæga vernd yfir starfsævina. Sjóðfélagar njóta réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður meira en 50%. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

### IÐGJÖLD

Launþegum á aldrinum 16 til 70 ára er skylt að greiða iðgjald í lífeyrissjóð. Iðgjald er 12% af heildarlaunum. Sjóðfélagi greiðir 4% iðgjald af launum og launagreiðandi 8% mótframlag.

Sjálfstæður atvinnurekandi greiðir bæði hluta launþega og launagreiðanda. Iðgjald reiknast ekki af ökutækjastyrk, bifreiðahlunnindum, dagpeningum og öðrum útlögðum kostnaði.

### LÁNARÉTTUR

Sjóðfélagar sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins 4 af síðustu 6 mánuðum eiga rétt á sjóðfélagaláni. Lánin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði lántaka, maka hans eða aðila sem hann er í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með.


## SÉREIGN

Launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar geta greitt allt að 4% af heildarlaunum sínum í séreignarsjóð áður en skattur er reiknaður á laun.

Samkvæmt kjarasamningum á launþegi rétt á 2% mótframlagi launagreiðenda í séreignarsjóð. Það þýðir að þeir sem spara 2% eða 4% af launum fá 2% launaauka í formi mótframlags frá launagreiðanda.

Myndir þú hafna 2% launahækkun?

Séreignarsparnaður er góð leið til að draga úr áhrifum þeirrar tekjulækkunar sem margir standa frammi fyrir við starfslok.



Myndin sýnir mjög einfaldað dæmi um tekjuþróun einstaklinga yfir ævina. Miðað er við 12% iðgjald í samtryggingardeild og samtals 6% (4% + 2%) í séreignarsparnað. Mánaðarlaun eru áætluð 300.000 kr. í 40 ár, frá 27 ára aldri til 67 ára aldurs. Úttekt séreignarsparnaðar er dreift til 85 ára aldurs. Miðað er við 3,5% ávöxtun en ekki er gert ráð fyrir verðbólgu eða kaupmáttarbreytingu á tímabilinu. Hafa ber í huga að erfitt er að spá 40 ár fram í tímann um ávöxtun og launþróun vegna fjölmargra óvissuþátta. Hægt er að skoða áætlun lífeyrissparnaðar í lífeyrisreiknivél sjóðsins á [live.is](http://live.is) miðað við forsendur hvers og eins.

## SKATTAMÁL

Greiddur er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslum og séreignarsparnaði við útgreiðslu, með sama hætti og af launatekjum, þar sem framlög til öflunar lífeyrisréttinda eru frádráttarbær frá skatti. Ávöxtun séreignarsparnaðar er undanþegin fjármagnstekjuskatti. Reglur taka mið af skattalögum á hverjum tíma.

## SKIPTING GREIÐSLNA MILLI HJÓNA

Heimilt er að skipta réttindum til ævilangs lífeyris milli hjóna eða sambúðarfólks. Nánari reglur er að finna í samþykktum sjóðsins og á vef hans.